



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Burðar- og lambaskráning

Leiðbeiningar

RML

23. maí 2025

Inngangur

Á vordögum 2025 voru teknar í notkun nýjar skráningar í skýrsluhaldsforritinu Fjárvís.is. Um er að ræða skráningar á burði og lömbum, sem áður var einungis hægt að skrá í gegnum vorbókina. Í vorbókinni voru bæði burður og lömb skráð í einni runu, en ákveðið var að búa til tvær nýjar skráningar til að leysa þá gömlu af hólmi. Í burðarskráningunni er skráður burður ærinnar og allt sem snýr að ánni sjálfri. Í lambaskráningunni eru svo allar upplýsingar um lömbin skráð. Á þeim síðum sem hér fylgja verður gerð grein fyrir þessum skráningarþáttum, auk csv-innlesturs.

Burðarskráning

Skrá burð

Ef skrá á athugasemd og/eða burðarhjálp skal haka við það hér að neðan

Ef skrá á lömb á burðinn strax í kjölfar burðarskráningar skal haka við það hér að neðan

☐ Skrá athugasemd

☐ Skrá burðarhjálp

☐ Fara í skráningu lamba eftir burðaskráningu

Lambaskráning

Les inn CSV skrá 

Ær



Afdrif fangs



Hrútur



Dagssetning

Burður



Skrá

Þessi valmynd birtist notendum þegar þeir opna burðarskráninguna. Efst í valmyndinni eru 3 hök sem bændur geta hakað við eftir hentugleika. Ef hakað er í Skrá athugasemd birtist athugasemdadálkur við hliðina á dálkinum Burður. Þar er hægt að setja inn athugasemdir sem bóndinn vill skrá hjá sér, ef einhverjar eru. Það sama á við um burðarhjálpina. Ef hakað er í þann reit birtast tveir nýir gluggar sem bera heitin Umfang og Ástæða. Þar er hægt að skrá umfang og ástæðu burðarhjálpar. Fyrir þær skráningar eru lykjar frá 0-5 sem notendur þekkja úr vorbókinni. Síðasta hakið færir notandann svo beint yfir í lambaskráningu á viðkomandi burð, þegar skráningu á burði er lokið. Þannig er á einfaldan hátt hægt að hoppa sjálfkrafa á milli burðar- og lambaskráningar fyrir þá notendur sem skrá burðinn og lömbin í einu. Hakið virkar þannig að þegar skráningu lamba fyrir viðkomandi burð er lokið færist notandinn aftur yfir í burðarskráninguna.

Skrá burð

Ef skrá á athugasemd og/eða burðarhjálp skal haka við það hér að neðan

Ef skrá á lömb á burðinn strax í kjölfar burðarskráningar skal haka við það hér að neðan

- ☒ Skrá athugasemd
- ☒ Skrá burðarhjálp
- ☒ Fara í skráningu lamba eftir burðaskráningu

Lambaskráning

Les inn CSV skrá 

Ær	Afdrif fangs	Hrútur
Dagssetning	Burður	Umfang
Ástæða	Athugasemd	

Skrá

Svona lítur valmyndin út ef hakað er í alla reitina

Hægt er að hoppa á milli reita í skráningunni með því að nota tab-takkann.

Í reitnum Ær er að finna allar ær búsins, en þar er hægt að leita eftir nafni og númeri. Í farsímaútgáfu er aðeins hægt að leita eftir númeri. Úr leitarglugganum er hægt að nota tab-takkann til að velja á úr listanum og enter til að festa valið. Þegar ærin hefur verið valin birtist nafn hennar og flögg neðan við skráningarreitina, sem og nafn og flögg hrútsins sem hún er með skráð fang við, ef hún er með skráð fang.

Næst er reiturinn Afdrif fangs, sem notendur þekkja úr vorbókinni. Glugginn er felligluggi sem hægt er að velja úr með músinni, en einnig er hægt að slá inn viðkomandi lykil á lyklaborð og smella á tab takkann til þess að fara í næsta reit. Þá er einnig hægt að ýta á örvahnappinn sem vísar niður á lyklaborðinu til að sjá valmöguleikana sem eru í boði. Athugið að efsti valmöguleikinn er tómur svo ýta þarf tvisvar sinnum á örina til þess að fá upp 1 – Ærin hélt.

Reiturinn Hrútur fyllist sjálfkrafa út ef fang er skráð á ána. Ef ekki er skráð fang opnast þar hrútaleit búsins. Hún virkar alveg eins og leitin fyrir ærnar. Hægt er að leita eftir nafni og númeri, en einungis númeri í farsímaútgáfu. Hægt er að nota tab til að velja grip úr listanum og enter til að festa valið. Athugið að ef ekki er búið að skrá fang á ána og hrúturinn sem hún fékk við er ekki heimahrútur þá þarf að skrá fangið í gegnum fangskráningu. Ef faðirinn er óþekktur er hægt að hafa hrútareitinn tóman.

Dagsetning er næsti reitur og þar er dagsetning dagsins í dag sjálfkrafa fyrsta val. Dagatalið opnast þegar sá reitur er valinn og bæði er hægt að stroka út og stimpla inn aðra dagsetningu á lyklaborðinu, sem og velja dag úr dagatali með músinni.

Burður er síðasti skyldureiturinn og eru þar sömu lyklar og notendur þekkja úr vorbókinni. Þar er eins og í Afdrif fangs hægt að ýta á örvahnappinn til að sjá valmöguleikana, slá inn

réttan lykil á lyklaborðinu, eða velja með músinni. Eftir að réttur lykill hefur verið valinn er hægt að smella á tab og þá verður hnappurinn Skrá virkur. Smellt er á enter (eða með músinni á Skrá) til að klára skráninguna.

Ef ekki er hakað í að fara yfir í lambaskráningu eftir burðarskráningu helst burðarskráningin opin og hægt er að skrá næsta burð. Ef notandi vill fara yfir í lambaskráninguna er flýtihnappur yfir í hana efst í valmyndinni sem ber heitið Lambaskráning. Ef smellt er á hann flyst notandinn yfir í lambaskráninguna.

Lambaskráning

Skrá lamb

Ef skrá á stærð, afdrif vor, atburð eða fósturmóðir skal haka við það hér fyrir neðan

- ☐ Skrá stærð
- ☐ Skrá afdrif vor
- ☐ Skrá atburð
- ☐ Skrá fósturmóðir
- ☐ Skrá DNA sýnanúmer

Burðarskráning

Lesið inn CSV skrá 

Ær	Kyn	Lambanúmer

Litur	Litareinkenni	Athugasemd

Skrá

Þessi valmynd birtist notendum þegar þeir opna Lambaskráninguna. Eins og í burðarskráningunni eru hók sem bændur geta hakað við eftir hentugleika. Í lambaskráningunni eru hökin 5 talsins. Sé hakað við einhvern valmöguleika birtist hann fyrir framan athugasemdadálkinn.

Ef hakað er við Skrá stærð birtist gluggi sem ber heitið Stærð. Þar er notast við lykla úr vorbókinni á bilinu 1-5. Eins og með gluggana í lambaskráningunni er hægt að slá inn lykil í lyklaborðinu eða nota örvahnappinn og velja þannig stærð úr valmyndinni. Það sama gildir fyrir afdrif vor og atburð. Sé hakað við þessa reiti bætast þeir við valmyndina framan við athugasemdadálkinn. Notast er við lykla úr vorbókinni og hægt að slá inn lykla eða nota örvahnappinn.

Ef hakað er við Skrá fósturmóðir birtist gluggi sem ber heitið Fósturmóðir. Í þeim glugga er gripaleit fyrir allar ær búsins.

Ef hakað er við Skrá DNA-sýnanúmer er hægt að forskrá DNA-sýnanúmer á lambið í lambaskráningunni. Í þeim glugga birtast öll sýnanúmer sem skráð eru á búið.

Skrá lamb

Ef skrá á stærð, afdrif vor, atburð eða fósturmóður skal haka við það hér fyrir neðan

- ☒ Skrá stærð
- ☒ Skrá afdrif vor
- ☒ Skrá atburð
- ☒ Skrá fósturmóðir
- ☒ Skrá DNA sýnanúmer

Burðarskráning

Les inn CSV skrá 

Ær	Kyn	Lambanúmer
Litur	Litareinkenni	Stærð
Afdrif vor	Atburður	Sýnanúmer
Fósturmóðir	Athugasemd	

Skrá

Svona lítur valmyndin út ef hakað er við alla reitina.

Í reitnum Ær er að finna allar ær búsins, sem hafa skráðan burð en þar er hægt að leita eftir nafni og númeri. Í farsímaútgáfu er aðeins hægt að leita eftir númeri. Ekki er hægt að skrá lömb á á sem ekki hefur skráðan burð. Úr leitarglugganum er hægt að nota tab-takkann til að velja á úr listanum og enter til að festa valið. Þegar ærin hefur verið valin birtist nafn hennar og flögg neðan við skráningarreitina, sem og nafn og flögg hrútsins sem hún er með skráð fang við, ef hún er með skráð fang. Einnig birtast þar upplýsingar um burð ærinnar og hversu mörg lömb hafa verið skráð á hana.

Kyn lambs er næsti reitur. Þar er hægt að slá inn viðeigandi lykil og notast er við sömu lykla og í vorbókinni. Einnig er hægt að nota örvahnappinn eða músina.

Lambanúmer er næsti reitur og þegar mörg lömb eru skráð á eftir hverju öðru birtist í reitnum það númer sem var síðast skráð.

Næsti reitur er Litur og þar er notast við sömu litalykla og eru í vorbókinni. Á eftir Lit kemur Litareinkenni, en þann reit er ekki skylda að skrá.

Athugasemdadálkurinn er svo síðasti dálkurinn í skráningunni, en í hann er valkvætt að skrá athugasemdir. Það má svo velja hnappinn Skrá með tab, staðfesta valið með enter og klára þannig skráninguna.

Burðaryfirlit

Burðaryfirlitið er ansi yfirgripsmikið, en þar er hægt að sjá ána, flöggin hennar, hrútinn, flöggin hans, afdrif fangs, dagsetningu burðar, burð, burðarhjálp (umfang og ástæðu), fósturlömb, athugasemdir og aðgerðir.

Ær	Ær flögg	Hrútur	Hrútur flögg	Afdrif fangs	Dagsetning	Burður	Burðar hjálp u...	Burðar hjálp á...	Fósturlömb	Athugasemd	Aðgerðir
13-004		21-041 Gráni		Ærin hélt	07/03/2023	3					
14-001		22-040 Urri		Ærin hélt	07/03/2023	2					
14-004		21-041 Gráni		Ærin hélt	07/03/2023	2					
14-009		21-040 Geir	 	Ærin hélt	07/03/2023	1			0009		
14-010		22-040 Urri		Ærin hélt	07/03/2023	3					
14-012		21-040 Geir	 	Ærin hélt	07/03/2023	2					
14-014		22-040 Urri		Ærin hélt	07/03/2023	2	Smávægileg eð...	Vantar annan e...		Sóttitil	
14-025		21-441 Vestri	 	Ærin hélt	18/03/2023	4					
14-028		21-041 Gráni		Ærin hélt	18/03/2023	2					
14-030		21-441 Vestri	 	Ærin hélt	18/03/2023	1					
14-034		21-441 Vestri	 	Ærin hélt	18/03/2023	2					
14-037		21-441 Vestri	 	Ærin hélt	18/03/2023	2					
14-038		21-041 Gráni		Ærin hélt	19/03/2023	2					
14-039 Blíða		21-441 Vestri	 	Ærin hélt	21/03/2023	2					
14-056		22-040 Urri		Ærin hélt	24/03/2023	2	Nokkur hjálp	Lömb í flækju, ...		Lömbin öll í fl...	
14-059		21-041 Gráni		Ærin hélt	05/05/2023	2					

Hægt er að minnka og stækka dálkana í yfirlitinu með því að draga til litla lóðrétt strikið sem er á milli þeirra í efstu línunni. Ef smellt er á strikin 3 sem koma undir Aðgerðir er hægt að breyta burði og/eða eyða burði. Ef smellt er á Breyta burði opnast viðkomandi burðarskráning svo hægt er að breyta skráningunni. Ef smellt er á Eyða burði birtist myndin hér til hliðar, þar sem Fjárvís spyr hvort þú sért viss um að vilja eyða burðinum. Það hefur í för með sér að ef búið er að skrá lömb á burðinn verður þeim einnig eytt og búa þarf til nýja burðarskráningu ef haldið er áfram.



FJÁRVÍS

Ertu viss um að þú viljir eyða burði?
Ef að lömb eru skráð verður þeim líka eytt.
Þessi aðgerð er ekki afturkvæm.

Já

Nei

Í burðaryfirlitinu birtast einnig ær sem hafa skráð fang, en þær koma fyrir neðan þær ær sem eru með skráðan burð.

Lambayfirlit

Lambayfirlitið er einnig frekar stórt, en þar má sjá dálkana gripur, flögg grips, ær, hrútur, kyn lambs, litur, stærð, afdrif, atburður, fósturmóðir, athugasemd og aðgerðir. Í þessu yfirliti er einnig hægt að stækka og minnka dálka með því að hreyfa til litla lóðrétt strikið á milli dálka í efstu línunni.

Gripur	Gripur flögg	Ær	Hrútur	Kyn lambs	Litur	Stærð	Afdrif	Atburður	Fósturmóðir	Athugasemd	Aðgerðir
L0001	13-004	21-041 Gráni	2 Gimbrarlamb	37 Svartbotnótt							
L0002	13-004	21-041 Gráni	2 Gimbrarlamb	20 Grátt ekki ná...							
L0003	13-004	21-041 Gráni	2 Gimbrarlamb	10 Hvítt ekki ná...							
L0004	14-001	22-040 Úrn	1 Hrútlamb	10 Hvítt ekki ná...							
L0005	14-001	22-040 Úrn	2 Gimbrarlamb								
L0006	14-012	21-040 Geir	1 Hrútlamb	20 Grátt ekki ná...							
L0007	14-010	22-040 Úrn	1 Hrútlamb	20 Grátt ekki ná...							
L0008	14-010	22-040 Úrn	2 Gimbrarlamb	28 Grágólsótt							
L0009	14-010	22-040 Úrn	1 Hrútlamb	20 Grátt ekki ná...					14-009		
L0010	14-009	21-040 Geir	1 Hrútlamb	20 Grátt ekki ná...							
L0011	14-004	21-041 Gráni	2 Gimbrarlamb	10 Hvítt ekki ná...							
L0012	14-004	21-041 Gráni	1 Hrútlamb	21 Ljósgrátt							
L0013	14-014	22-040 Úrn	1 Hrútlamb	12 Gult á haus o...	4 Stórt						
L0014	14-014	22-040 Úrn	2 Gimbrarlamb	21 Ljósgrátt	3 Meðalstórt			10 Hugsanlegur á...			
L0020	14-034	21-441 Vestri	1 Hrútlamb	20 Grátt ekki ná...							

Ef smellt er á strikin 3 sem koma undir Aðgerðir er hægt að breyta lambaskráningu eða eyða lambaskráningu. Ef smellt er á Breyta lambaskráningu opnast viðkomandi lambaskráning svo hægt er að breyta skráningunni. Ef smellt er á Eyða lambaskráningu birtist myndin hér til hliðar, þar sem Fjárvís spyr hvort þú sért viss um að vilja eyða lambaskráningunni. Þessi aðgerð hefur ekki áhrif á burðarskráninguna, en skrá þarf lömbin upp á nýtt.



FJÁRVÍS

Ertu viss um að þú viljir eyða lambaskráningu?
Þessi aðgerð er ekki afturkvæm.

Já

Nei

CSV-innlestur fyrir burð


Þegar lesa á inn csv-skrá fyrir burð þarf skráin að hafa haus með eftirfarandi dálkum: ær, afdrif_fangs, hrútur, dagsetning, burdur, umfang, astaeda, athugasemd

Ær og hrútur getur bæði verið valnúmer t.d. 12-123 eða örmerki t.d. 123 123456789123

Afdrif fangs, burður, umfang og ástæða þurfa að vera leyfilegir lykjar.

Dagsetning þarf að vera á forminu DD/MM/ÁÁÁÁ.

Í innlestrarviðmótinu er hægt að sækja skrá yfir leyfilega lykla, og tilbúna skrá með haus. Athugið að skráin sem er með hausnum tilbúnum er á csv-formi. Ef vinna á með skrána sem er með



tilbúnum haus skal smella á hnappinn Sækja skrá með haus. Því næst skal opna Excel, velja Data og smella á From Text/CSV. Þar er hægt að finna skrána undir Downloads eða Niðurhal. Smellt er á Import og valið Do not detect data types þegar skráin er opnuð.

File Origin: 1252: Western European (Windows) | Delimiter: Semicolon | Data Type Detection: Based on first 200 rows

Column1	Column2	Column3	Column4	Column5	Column6	Column7
lamb	thungi	omv	omf	logun	fotleggur	haus

Based on first 200 rows
Based on entire dataset
Do not detect data types

Þegar búið er að fylla skrána út þarf að ganga úr skugga um að hún sé vistuð á réttu formi, en það er CSV. Excel býður upp á nokkrar gerðir af CSV-skrám, en best er að nota CSV UTF (Comma delimited)(*.csv) eins og á myndinni hér til hliðar.

Enter file name here

Excel Workbook (*.xlsx)

Excel Workbook (*.xlsx)

Excel Macro-Enabled Workbook (*.xlsm)

Excel Binary Workbook (*.xlsb)

Excel 97-2003 Workbook (*.xls)

CSV UTF-8 (Comma delimited) (*.csv)

Þegar búið er að fylla út skrá gæti hún litið einhvern veginn svona út:

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
1	Aer	afdrif_fang	hrutur	dagsetning	burður	umfang	astaeda	athugasemd		
2	14-061	1		13.5.2023	2	1	2	Seinna lambið afurábak		
3	14-103	1		14.5.2023	3					
4	14-109	3								
5										

Ef villur eru í skjalinu má sjá þær undir flípanum villur. Þar kemur fram í hvaða línu villan, eða villurnar eru. Þá þarf að fara í skjalið og leiðrétta villurnar og lesa aftur inn. Einnig er hægt að lesa inn þá gripi sem eru réttir, sækja skjal með villum og lesa inn aftur þá gripi sem voru með villur. Umfang, ástæða og athugasemd mega vera tómir reitir, þar sem þetta eru ekki skylduskráningar. Hrutareiturinn má einnig vera tómur. Ef ærin er með skráð fang

Gripir	Villur (3)	Gripir ekki lesnir inn (3)
Lína númer	Allar villur	
2	Dagsetning: Dagsetning verður að vera á núverandi framleiðsluári	
3	Dagsetning: Dagsetning verður að vera á núverandi framleiðsluári	
4	Dagsetning: Ef afdrif fangs er ekki 1 eða 2 þarf dagsetning að vera tóm	




þarf ekki að setja gildi í hrútaðálkinn. Ef ærin er með skráð fang og það er annar hrútur í csv-skránni þá leiðréttist fangskráningin þannig að csv-skráin skrifar yfir fangskráninguna.

CSV-innlestur fyrir lömb

Þegar lesa á inn csv-skrá fyrir lömb þarf skráin að hafa haus með eftirfarandi dálkum: aer, kyn, lambanúmer, litur, litareinkenni, staerd, afdrif_vor, atburdur, fosturmodir, athugasemd.

Ær og fosturmóðir geta bæði verið valnúmer t.d. 12-123 eða örmerki t.d. 123 123456789123. Lambanúmer þarf að vera á bilinu 1-9999 eða 123x þar sem x er bókstafur. Litur, litareinkenni, stærð, afdrif_vor og atburður þurfa að vera leyfilegir lykjar. Litur er skylda, en hinir dálkarnir eru valkvæðir.

Í innlestrarviðmótinu er hægt að sækja skrá yfir leyfilega lykja, og tilbúna skrá með haus. Athugið að skráin sem er með hausnum tilbúnum er á csv-formi. Ef vinna á með skrána sem er með tilbúnum haus skal smella á hnappinn Sækja skrá með haus. Því næst skal opna Excel, velja Data og smella á From Text/CSV. Þar er hægt að finna skrána undir Downloads eða Niðurhal. Smellt er á Import og valið Do not detect data types þegar skráin er opnuð.



Þegar búið er að fylla skrána út þarf að ganga úr skugga um að hún sé vistuð á réttu formi, en það er CSV. Excel býður upp á nokkrar gerðir af CSV-skrám, en best er að nota CSV UTF (Comma delimited)(*.csv) eins og á myndinni hér til hliðar.

Þegar búið er að fylla út skrá gæti hún litið einhvern veginn svona út:

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
1	Aer	kyn	lambanur	litur	litareinker	staerd	afdrif_vor	atburdur	fosturmodir	athugasemd
2	14-061		1	201	10					
3	14-061		2		20		2			
4	14-103		1	203	10					
5	14-103		2	204	37	8				
6	14-103		2	202	39				14-061	
7										

Ef villur eru í skjalinu má sjá þær undir flípanum villur. Þar kemur fram í hvaða línu villan, eða villurnar eru. Þá þarf að fara í skjalið og leiðrétta villurnar og lesa aftur inn. Einnig er hægt er að lesa inn þá gripi sem eru réttir, sækja skjal með villum og lesa inn aftur þá gripi sem voru með villur. Ef engar villur eru í skjalinu birtast allir gripirnir í yfirliti. Þá er hægt að lesa inn gögn í gagnagrunn með því að smella á þann hnapp.

Leyfilegir lykjar

Hlaða upp skrá

Lesa inn gögn í gagnagrunn

Gripir								Villur (0)	Gripir ekki lesnir inn
Lína númer	Ær	Kyn	Lambanúmer	Litur	Litareinkenni	Stærð	Afdrif vor		
2	14-061	Hrútlamb	201	Hvitt, ekki nánar tilgreint					
3	14-061	Gimbur		Grátt ekki nánar tilgreint					Fæddist dauft - fullskapað
4	14-103	Hrútlamb	203	Hvitt, ekki nánar tilgreint					
5	14-103	Gimbur	204	Svartbotnótt	Tvilit, krúnótt/laufótt/bl...				
6	14-103	Gimbur	202	Tvilit með svörtu					

1 til 5 af 5